

89 Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að
26. ágúst telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

90

15. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kanadasjóð til styrktar íslenskum námsmönnum.

1. gr.

Kanadasjóður, til styrktar íslenskum námsmönnum, er stofnaður af gjöf að upphæð 25000 kanadiskir dollarar, sem Kanadaþing hefir gefið Íslandi í tilfni af þúsund ára minningarhátíð Alþingis 1930, sem tákn um vinarhug.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska námsmenn og fræðimenn til háskólanáms í Kanada. Styrkur skal einkum veittur kandiötum frá Háskóla Íslands eða íslenskum kandiötum frá erlendum háskólum, verkfræðingaskólum eða öðrum hliðstæðum menntastofnunum, þó má og veita stúdentum styrk þegar sérstaklega stendur á. Námsmenn, er leggja stund á fræðigreinar, er snert geta atvinnulíf á Íslandi, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

3. gr.

Forsætisráðherra Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins og ákveður hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað. Hann úthlutar og styrkjum, að fengnum tillögum Háskólaráðs Íslands eða annara stofnana, ef ástæður þykja til.

Heimilt er að veita sama námsmanni styrk í fleiri en eitt ár.

4. gr.

Á ári hverju má úthluta öllum ársvöxtum sjóðsins. Heimilt er að verja öllum ársvöxtum til styrktar einum námsmanni, en rétt er og að skipta þeim milli tveggja eða fleiri námsmanna.

Ef engin styrkumsókn berst á einhverju ári, sem ástæða þykir að sinna, þá þarf ekki að úthluta ársvöxtunum, heldur má geyma þá til úthlutunar á næstu árum eða bæta þeim við höfuðstólinn.

5. gr.

Auglýsingar um styrk úr sjóðnum skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, með nægum fyrirvara.

Umsóknir um styrk skulu komnar til forsætisráðherra fyrir 1. júlí.
Styrkur veitist í fyrsta sinn árið 1933.

90

15. sept.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins og skýrslu um, hverjir notið hafa, skal birta í Stjórnartíðindunum.

Forsætisráðherrann, 15. september 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

91

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum,

18. sept.

16. febrúar 1929.

Aftan við 5. gr. komi ný málgr., er svo hljóðar:

Eimkatlar með vinnubrýsting yfir 8 kg/cm.² og aðrir katlar þar sem framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.² er yfir 30, mega ekki standa í, undir eða yfir herbergjum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar, sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 18. sept. 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

92

um tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum.

20. sept.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Til niðursuðu, bjúgnagerðar eða hverskonar annars tilbúnings matvæla úr kjöti eða öðrum sláturfjárafurðum, sem ætlaðar eru til sölu, má aðeins nota kjöt,